


## Hörpudisksiðnaður í Stykkishólmi

### Staðbundin efnahagsleg áhrif af hugsanlegri stöðvun veiða og vinnslu



**SSV** / Atvinnuráðgjöf  
Vesturlands

Vífill Karlsson, hagfræðingur.

**Febrúar 2003**

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>HÖRPUDISKUR Á ÍSLANDI</b> .....	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>BEIN EFNAHAGSLEG ÁHRIF</b> .....	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>ÓBEIN EFNAHAGSLEG ÁHRIF, MARGFELDISÁHRIF</b> .....	<b>7</b>
4.1	UM MARGFELDISÁHRIF.....	7
4.2	MARGFALDARI STYKKISHÓLMS.....	7
4.3	KLASAHRUN!.....	8
<b>5</b>	<b>ÝMIS ANNAR SKAÐI</b> .....	<b>11</b>
5.1	FJÁRFESTING Í HÖRPUDISKSÍÐNAÐI.....	11
5.2	KYRRSTÖÐUKOSTNAÐUR.....	12
5.3	MARKAÐSSKAÐI.....	12
5.4	TÖPUÐ ÞEKKING.....	12
<b>6</b>	<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>14</b>
<b>7</b>	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>16</b>
<b>8</b>	<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>18</b>

---

## 1 Inngangur

---

Í Stykkishólmi bjuggu 1.228 manns 1. desember 2002 samkvæmt bráðabirgða tölum Hagstofu Íslands.

Stykkishólmur byggir á aldagamalli verslunarsögu sem grundvallast á nálægð við mjög gjöful fiskimið eins og Breiðafjarðareyjarnar sem stundum voru kallaðar matarkista Evrópu fyrir á öldum.

Eftir að samgöngur á landi urðu þægilegri og fljótlegri en samgöngur á sjó virðist mikilvægi Stykkishólms hafa vaxið og Breiðafjarðareyjanna minnkað við nýtingu sjávarfangs í innri hluta Breiðarfjarðar.

Á seinni hluta 20. aldar fór vægi skelfiskveiða Stykkishólms að aukast all hressilega og stóð fyrir 70 – 80% af verðmætasköpun í sjávarútvegi þar.

Í dag eru aðstæður breyttar. Stofnstærð hörpudisks virðist vera í sögulegu lágmarki og útlit fyrir að veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs verði engar. Þess vegna vildu heimamenn fá svar við spurningunni: “Hvert yrði samfélagslegt tap af stöðvun hörpudisksveiða í Stykkishólmi?”

Höfundur mun reyna að svara þessari spurningu í þessari skýrslu. Það verður gert þannig að fyrst er fundið útflutningsverðmæti a hörpudisksiðnaðar í Stykkishólmi. Þá er fundinn sá hluti útflutningsverðmætisins sem verður eftir í Stykkishólmi og að lokum er margfeldisáhrifum bætt við.


Allar tölulegar upplýsingar eru byggðar á viðtölum og öðrum samskiptum við forsvarsmenn Sigurðar Ágústssonar ehf. og Þórsness ehf. í Stykkishólmi. Tölur um aflamagn voru einnig fengnar hjá Hagstofu Íslands. Tölur um margfaldara í Stykkishólmi voru fengnar hjá Byggðastofnun auk þess sem höfundur beitti þremur viðurkenndum matsaðferðum til samanburðar.

## 2 Hörpudiskur á Íslandi

Vinnsla á hörpudiski hófst fyrir um 30 árum við Ísland. “Hörpudiskur er nokkuð algengur allt í kringum landið nema við suðurströndina en mest er af honum í Breiðafirði og hann hefur aðallega verið veiddur þar, á Vestfjörðum og í Húnaflóa”(Upplýsingaveita Sjávarútvegsráðuneytisins, 2003)

Núna seinni árin, 1992 – 2001, hefur vinnsla á hörpudisk verið á bilinu 8 – 12.000 tonn, eða 9.500 tonn að meðaltali (mynd 1). Verðmæti framleiðslunnar er rétt rúmur einn milljarður króna á núgildandi verðlagi. Reyndar hafa veiðar náð 17.000 tonnum einstaka ár sé litið til síðustu 20 ára (Upplýsingaveita Sjávarútvegsráðuneytisins, 2003).

**Mynd 1: Unninn hörpudiskur Íslandi og Stykkishólmi árin 1992 til 2001 í tonnum talið.** Heimild: Hagstofa Íslands.



Hluttur Stykkishólms í veiðum og vinnslu hörpudisks var á sama tíma rétt tæp 7.000 tonn að meðaltali, eða rétt tæp 75% af heildarafla landsins. Af þessu má sjá að hluttur Stykkishólms í þessum iðnaði er mikill á landsvísu og starfsemin þar því mikilvæg fyrir framgöngu hans.

Í dag lítur út fyrir að veiðar hörpudisks verði engar í Breiðafirði á næsta ári og óvíst hvenær hægt verði að hefja þær að nýju.

---

### 3 Bein efnahagsleg áhrif

---

Til þess að finna staðbundin efnahagsleg áhrif tiltekins fyrirtækis, aðgerðar eða starfsemi eru fyrst fundin bein áhrif og síðan óbein. (Woller og Parsons, 2002, 136 – 138). Samtala þeirra skilar okkur síðan heildar staðbundnum efnahagslegu áhrifum fyrirtækisins.

Beinu áhrifunum er skipt upp í tvennt 1) kaup fyrirtækisins á vörum og þjónustu heima í héraði 2) kaup starfsmanna fyrirtækisins á vörum og þjónustu í héraðinu (Woller og Parsons, 2002, 136).

1) Fyrirtæki í veiðum og vinnslu á hörpuðiski versla vörur og þjónustu vegna starfseminnar fyrir um **85 m.kr.** til birgja og þjónustuaðila í Stykkishólmi.

2) Heildarlaunagreiðslur í veiðum og vinnslu eru 262 m.kr. Á bakvið þessi laun eru 78 manns í landvinnslu og 46 sjómenn. Það gefur okkur 2,1 m. kr. árstekjur að meðaltali. Skattsprósentan er 38,55, þar af er útsvarsprósentan 13,03 í Stykkishólmi og persónuafslátturinn er 312.024 á ári. Það skilar okkur 23,71% skatti að meðaltali. Drögum nú 13,03% frá þeirri tölu og fáum 10,68%. Finnum nú ráðstöfunartekjur upp á 234 m.kr. Þegar búið er að taka tillit til þeirra viðskipta sem íbúar Stykkishólms eiga utan heimasvæðis (sjá töflu 4 í viðauka) þá eru eftir **137 m.kr.**

Nú er ekki allt talið. Vinnslumagn hefur verið í kringum 6833 tonn í hráefni talið sé litið til meðaltals áranna 1990 – 2000. Meðalnýting á árunum 1992 – 2001 var í kringum 12,6%. Það skilar afurðamagni upp á 861 tonn. Skilaverð hefur verið í kringum 877 kr./kg. mv. gengi í janúar 2003. Þetta myndar útflutningsverðmæti upp á 755 m.kr.

Af þessum 877 kr./kg. fara um 8% í ýmsa umsýslu o.fl., sem gefur okkur 807 kr./kg. skilaverð til fyrirtækjanna í Stykkishólmi. Þetta myndar afurðaverðmæti upp á 695 m.kr..

Skuldir iðnaðarins eru 1.450 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum í greininni er fjármagnskostnaður að jafnaði í kringum 8%, eða 116 m.kr. á ári. Lánveitendur eru allir utan Stykkishólms .

Þá eru 41 m.kr. sem fara til kaupa á vörum og þjónustu utan Stykkishólms.

Þegar við drögum alla útgjaldaliði frá útflutningsverðmæti þá eru eftir 191 m.kr. Ekki er að sjá á heimildum frá Þjóðhagsstofnun (1993 – 1997) að neinn sérstakur arður sé í greininni þegar til lengri tíma er litið og má því líta svo á að þessi afgangur njóti skattalegs hagræðis afskrifta, sé nýttur í endurnýjun og uppbyggingu greinarinnar og til að mæta tapi af annarri starfsemi fyrirtækjanna. Því er gert ráð fyrir að þessi fjárhæð gangi að jöfnu til kaupa á þjónustu og í laun. Við lækjum hana því um 30% og fáum **134 m.kr.**

Bein staðbundin efnahagsleg áhrif eru því **356 m.kr.** á ári.

Með beinum staðbundnum efnahagslegum áhrifum er átt við þær krónur sem sitja eftir á tilteknu svæði, Stykkishólmi í okkar tilfelli, þegar búið er að greiða fyrir aðföng af öðrum svæðum. Þessi fjárhæð fer í umferð innan svæðis og veltur á milli manna.

---

## 4 Óbein efnahagsleg áhrif, margfeldisáhrif.

---

### 4.1 Um margfeldisáhrif

Óbein efnahagsleg áhrif eru verslun heima í héraði sem á sér stað í kjölfar beinu efnahagslegu áhrifanna (Woller og Parsons, 2002: 136). Þessi verslun verður tekjur einhvers annars og það veldur kaupum þess aðila hjá þeim þriðja og þess þriðja hjá þeim fjórða og svo koll af kolli. Óbeinu áhrifin eru þá svokallaður tekjumargfaldari skilgreint sem *“heildarbreyting á tekjum allra launþega innan svæðis í kjölfar utanaðkomandi fjárfestingar, einka- eða samneyslu.”* (Woller og Parsons, 136).

Það er einkum tvennskonar margfaldarar sem metnir hafa verið en það eru atvinnumargfaldari<sup>1</sup> og tekjumargfaldari<sup>2</sup>. Að sumu leyti þá nær tekjumargfaldarinn betur utan um heildaráhrifin heldur en atvinnumargfaldarinn, því meðallaun geta hækkað fyrir tilvist nýs fyrirtækis og þar með almenn velferð, jafnvel þó ný störf verði ekki til. Hinsvegar nær tekjumargfaldarinn ekki til óáþreifanlegra áhrifa eins og meiri starfsánægju sem ný störf í nýju fyriræki geta hugsanlega haft í för með sér og aukið þannig almenna velferð á svæðinu (Vífill Karlsson, í vinnslu).

### 4.2 Margfaldari Stykkishólms

Tvær vísbendingar eru til fyrir margfeldisáhrifum í Stykkishólmi. Sú fyrri eru útreikningar Bygðastofnunar sem skila atvinnumargfaldara upp á 1,34 og tekjumargfaldara 1,25.

Sú seinni er atvinnumargfaldari upp á 1,19 sem mældur var af skýrsluhöfundum út frá gögnum yfir ársverk frá árunum 1988 til 1997 sem fengust hjá Bygðastofnun (Vífill Karlsson, í vinnslu).

---

<sup>1</sup> Þýðing á *“Employment Multiplier”*

<sup>2</sup> Þýðing á *“Income Multiplier”*

Ákveðnar ástæður eru fyrir því að gera megi ráð fyrir að þessir margfaldarar séu nokkuð vanmetnir. Í fyrsta lagi þá byggir 1,19 á gögnum tímabils þar sem stöðugur samdráttur er í hagkerfinu og ársverkum fækkar nema rétt undir lokin. Í slíku ástandi er hægt að færa rök fyrir því að vinnuafli í útflutningsgreinum sé hreyfanlegur heldur en í staðbundnum sem skilar sér í minni atvinnumargfeldisáhrifum. Önnur ástæða er sú að Jaðaráhrifin geta verið meiri þeim mun meiri sem breytingarnar eru. Þetta er vegna þess að örlítill samdráttur í tekjum hefur ekki svo mikil áhrif á neyslumunstur neytenda vegna þess að því er gjarnan mætt með minni sparnaði eða lántöku, sérstaklega þegar til skemmri tíma er litið. Meiri samdráttur og langvarandi getur hinsvegar haft meiri jaðaráhrif vegna þess að ekki er eins auðvelt að mæta honum með minni sparnaði eða langtöku.

Þar sem breytingarnar í hörpudisksiðnaði eru mjög umfangsmiklar á mælikvarða Stykkishólms hef ég tilhneigingu til þess að nota örlítið hærri margfaldara heldur en sá útreiknaði hjá Bygðastofnun. Ég vel að nokkru hærri margfaldara eða 1,4 þegar til skemmri tíma er litið og 1,3 til lengri tíma. Ástæðan fyrir því er sú að fyrirtæki sem missa verkefni út af brotthvarfi hörpudisksveiða munu að öllum líkindum krækja sér í ný verkefni þegar til lengri tíma er litið. Einhver fyrirtæki kunna að lognast út af en þá koma einhver ný fyrirtæki í staðinn. Samkvæmt þessu er samfélagslegt tap af hvarfi hörpudisksveiða og vinnslu í Stykkishólmi áður en tekið er tillit til annarra liða að lágmarki 463 til 498 m.kr (tafla 1).

**Tafla 1: Heildar efnahagsleg áhrif af hugsanlegri stöðvun veiða og vinnslu á hörpuskel í Stykkishólmi áður en tekið er tillit til annarra liða. Höfundur.**

	Margfaldari	Margfaldari
	1,3	1,4
Skilaverð 807	463 m.kr.	498 m.kr.

### 4.3 Klasahrun!

Klasi í iðnaði er fyrir hendi á tilteknu svæði ef fyrirtæki bæði birgjar, kaupendur og bein þjónustu og þróunarfyrirtæki eru til staðar.



Ef klasi í kringum hnignandi iðnað er stór þá geta áhrifin orðið mjög afdrifarík á svæðinu. Þá munu áhrifin berast hratt út og vera mjög víðtæk. Í slíku tilfalli verður hrun atvinnulífsins líkt og í spilaborg eða hrun domino kubba. Hagfræðingurinn Porter (1990) hefur kallað þetta domino-áhrifin (e. domino-effect).

Hér á eftir verður reynt að varpa ljósi á það í stuttu máli hvort nokkur klasi sé í kringum hörpudisksiðnaðinn í Stykkishólmi. Við gerum það með því að telja upp þau fyrirtæki sem þjónusta iðnaðinn og hvort þjónustan sé almenn, sérhæfð eða þróuð.

Ýmis fyrirtæki og einyrkjar í Stykkishólmi hafa verið að þróa vélar og tæki til veiða og vinnslu á skelfiski. Sumir þessara aðila hafa verið að selja þau út af svæðinu og jafnvel út úr landi.

**Tafla 2: Almenn- og sérhæfð þjónusta auk grunn- og þróaðaðrar þjónustu hörpudisksiðnaðar í Stykkishólmi. Höfundur.**

	<b>Grunnþjónusta</b>	<b>Þróuð þjónusta</b>
<b>Almenn þjónusta</b>	10/11 verslun, Stykkishólmsapótek, Olís (umboð), Esso (umboð),	Tryggingamiðstöðin (Umboð), Eldvarnir og Rafmagn, Búnaðarbanki Íslands (útibú Stykkishólmi) Brauðgerðarhús Stykkishólms, Rarik, Hítaveita Stykkishólms, Vatnsveita Stykkishólms
<b>Sérhæfð þjónusta</b>	Baldur Þorleifsson trésmiðja, Sigurður Kristjánsson trésmiðja, Ásmegin, Hilmar Hallvarðsson rafvirki, Páll Sigurðsson vörubifreið, Vaktþjónustan Vökustaur, BB og synir flutningar, Stefán Björgvinson vörubifreið, Dekk og smur, Ragnar og Ásgeir vöruflutningar	Skipavík, Alstál, Vélsmiðja Agnars, Vélþjónusta Þorgríms

Skipta má þjónustu aðilum upp allt eftir því hvort þjónusta þeirra eða vörusala sé almenn eins og sala rafmagns eða sérhæfð eins og viðhald á hörpudisksveiðafærum eða hvort þetta er grunnþjónusta eins og póstdreifing

sem krefst ekki séfræðipækkingar eða þróuð þjónusta sem krefst sérhæfðrar þekkingar eins og lögfræðings.

Höfundur hefur grófflokkað þjónustuaðila hörpuskelsiðnaðarins með fyrrgreindum hætti (tafla 2)

Þar kemur fram að nokkuð mikið er um bæði sérhæfða og þróaða þjónustu. Slík niðurstaða er viðkvæm fyrir tímabundinni stöðvun í greininni, sérstaklega sérhæfða þjónustan, því erfitt getur fyrir slíka aðila að gera sér mat úr sinni sérhæfingu, þ.e. finna sér nýja viðskiptavini.

---

## 5 Ýmis annar skaði

---

Virði iðnaðarins er fólgin ýmsu. Um er að ræða uppsafnaða eign fyrirtækjanna. Virði þeirra tengist gjarnan þeim fjárfestingum sem þau hafa farið út í og þá líta menn á efnahagsreikning þeirra. Fyrirtæki sem hafa starfað í tiltekinni atvinnugrein árum saman byggja upp óáþreifanleg verðmæti í formi mannauðs (eða þekkingar) og viðskiptavildar. Með tímabundinni stöðvun á sér stað tap. Hér á eftir verður þessu lýst.

### 5.1 Fjárfesting í hörpudisksiðnaði

Fjárfesting í hörpudisksiðnaði í Stykkishólmi nemur í dag um þremur milljörðum króna. Þarna eru talin hús, tæki, fiskiskip, veiðarfæri og veiðiheimildir (tafla 3).

**Tafla 3: Fjárfestingar í hörpuskeliðnaði Stykkishólms.** Heimild Sigurður Ágústsson ehf. og Þórsnes ehf.

Liðir	M.kr.
Veiðiheimildir	2.035
Fasteignir	250
Vélar & tæki	250
Skip & veiðarfæri	300
Samtals	2.835

Skuldir iðnaðarins eru 1.450 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum í greininni er fjármagnskostnaður að jafnaði í kringum 8% p.a., eða 116 m.kr. fjármagnskostnaði á ári. Lánveitendur eru allir utan Stykkishólms og streymir þessi fjárhæð því út af svæðinu þrátt fyrir stöðvun í iðnaðinum. Ekki er hægt að mæta greiðslum þessum nema tekjum sem myndast inn á svæðinu og er þetta því hrein skerðing á tekjumyndun innan svæðis á meðan vinnsla liggur niðri.

Mismunur af fjárfestingunni og skulda er þá fjármagnað með eigið fé, eða 1.385 m.kr. Allir eigendur eru búsettir í Stykkishólmi. Ekki er óeðlilegt að reikna með 5% fórnarvöxtum á eigið fé eins og fjármagnsmarkaðurinn lítur út í dag og veldur það fórnarkostnaði upp á 69,3 m.kr. á ári. Búið er að taka tillit til þessa liðar nú þegar.

## 5.2 Kyrrstöðukostnaður

Allur fastur kostnaður sem ekki hverfur þó starfsemi stöðvist í lengri tíma er kallaður kyrrstöðukostnaður. Þetta er kostnaður á borð við rafmagn og hita, viðhald fasteigna, vextir o.þ.h. Kostnaður þessi væri dreginn frá ef hann streymdi út af svæðinu. Gert er ráð fyrir að aðeins vextirnir streymi út af svæðinu og hefur það þegar verið gert. Þess utan er 3 m.kr. sem greiða verður í rafmagnskostnað á ári þó vinnsla verði hætt.

## 5.3 Markaðsskaði.

Töluverður skaði verður af því einu að hverfa út af markaðnum. Þegar framleiðendur geta hafið vinnslu á ný þurfa þeir að kosta miklu til að komast aftur inn á markaðinn aftur. Það felst m.a. í ýmsum afsláttarkjörum og beinu markaðsstarfi áður en fyrri markaðshlutdeild, verð og viðskiptavild næst.

Með brotthvarfi af markaði geta viðskiptasambönd tapast.

## 5.4 Töpuð þekking.

Fyrirtæki sem hafa starfað í tiltekinni atvinnugrein árum saman byggja upp óáþreifanleg verðmæti í formi mannauðs eða þekkingar .

Flytjist fólk úr Stykkishólmi vegna minni atvinnutækifæra getur það orðið dýrkeypt því þjálfun nýs starfsfólks er tímafrek og kostnaðarsöm.

Ekki þarf aðeins að þjálf nýtt starfsfólk. Fólk sem hefur verið í löngu hléi frá vinnu sinni tapar færni og þjálfun sem vinna þarf upp aftur. Þess vegna þarf að undirstrika kostnað í formi minni afkasta og fleiri mistaka eða minni tekjuna vegna lægra hlutfalls afurða í betri gæðaflokka. Sama á við um veiðarnar. Vitneskja um fiskimið, meðferð veiðarfæra og umgengni um afla eru verðmæt þekking sem gæti glatast.

Iðnaðurinn stundar einnig nokkra vöruþróun samhliða hefðbundinni starfsemi og með brotthvarfi úr iðnaðinum getur slík þekking glatast. Það gerist þannig að menn sitja í rauninni eftir ef þegar þeir hverfa úr greininni á meðan kröfur markaðarins breytast hægt og bítandi. Þegar starfsemi er hafin á ný þurfa menn að setja sig inn í ríkjandi aðstæður og slíkt hefur kostnað í för með sér.

Það er því ljóst að tímabundið brotthvarf úr greininni kallar kostnað af þessu tagi yfir iðnaðinn.

---

## 6 Niðurstaða

---

Hér á eftir verður niðurstöðum lýst í stuttu máli. Af framansögðu þá eru þetta niðurstöðurnar.

- Útflutningsverðmæti hörpuskeljarinnar í Stykkishólmi er 755 m.kr. Þar af sitja 356 m.kr. þegar búið er að draga frá aðkeypta þjónustu og skatta til ríkissjóðs.
- Að viðbættum margfeldisáhrifum breytist 356 m.kr. í 463 – 498 m.kr (tafla 1).
- Vannýttar fjárfestingar flytja 116 m.kr. árlega út af atvinnusvæði Stykkishólms á meðan starfsemi liggur niðri. Með margfeldisáhrifum er þetta 151 – 162 m.kr.
- Kyrrestöðukostnaður upp á 3 m.kr. renna út af svæðinu jafnvel þó vinnslu verði hætt. Þetta er rafmagnskostnaður.
- Hörpudisksiðnaðurinn í Stykkishólmi mun verða fyrir markaðsskaða. Ekki verður lagt mat á hann hér í krónum og aurum. Þetta er ein tímabundin summa en hún stækkar með hverju árinu sem líður frá stöðvun vinnslu og veiða hörpuskeljar.
- Hörpudisksiðnaðurinn í Stykkishólmi mun tapa þekkingu. Ekki verður lagt mat á þennan kostnaðarlið hér í krónum og aurum. Þetta er líka ein tímabundin summa sem stækkar með hverju árinu sem líður. Að margra mati getur verið um stórar fjárhæðir að ræða.

Þess vegna er heildar efnahagslegt tap Stykkishólms af hruni hörpudisksveiða og vinnslu í Stykkishólmi á bilinu 614 - 660 m.kr. ár hvert.

**Tafla 4: Heildar efnahagsleg áhrif af hugsanlegri stöðvun veiða og vinnslu á hörpuskel í Stykkishólmi . Höfundur.**

	Margfaldari	Margfaldari
	1,3	1,4
Skilaverð 800	614 m.kr.	660 m.kr.

Hafa verður í huga að þetta eru um 550 þúsund krónur á hvern íbúa í Stykkishólmi. Þess má geta framtaldar launatekjur í Stykkishólmi samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (2002) árið 2000 voru um 1.876 m.kr., eða 1,5 m.kr. á hvern íbúa.

Þá á eftir að taka tillit til uppbóta vegna skerðinga, en á síðasta ári voru þær 314 þorskígildistonn (í bolfiski) en þá hafði hörpudiskkvóti skerst um 3700 tonn. Auðvelt er að sýna fram á að sambærileg uppbót hrekkur hvergi til að bæta upp þau verðmæti sem tapast út af hugsanlegri stöðvun veiða og vinnslu hörpudisks.

Ekkí hefur heldur verið tekið tillit til atvinnuleysisbóta og framlags Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga. Reikna má með einhverju framlagi þaðan en algerlega ómögulegt að vita hversu hátt það verður því það er háð því hversu margir fá vinnu aftur eða finna sér verkefni sjálfir og eins því hversu margir flytja í burt.

---

## 7 Heimildir

---

Eggert Halldórsson, Þórsnes ehf., viðtöl og tölvupóstur dagana 31. janúar – 25. febrúar 2003.

Ellert Kristinsson, framkvæmdastjóri Sigurðar Ágústssonar ehf., viðtöl og tölvupóstur dagana 31. janúar – 25. febrúar 2003.

Halldór Jónasson, framkvæmdastjóri Þórsness ehf., viðtöl og tölvupóstur dagana 31. janúar 2003.

Porter, M. E. (1990). The Competitive Advantage of Nations, London, The Macmillian Press Ltd.

Samband íslenskra sveitarfélaga (2002) “Árbók sveitarfélaga 2002” Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík.

Upplýsingaveita Sjávarútvegsráðuneytisins, hörpudiskur (2003, 18. febrúar).  
*Sjávarútvegsráðuneytið*, <http://www.fisheries.is/islenska/stofnar/horpud.htm>

Vífill Karlsson (í vinnslu) “Margfeldisáhrif í örhagkerfum: Vesturland”

Woller, Gary (2002) “Assessing the community economic impact of microfinance institutions” **Journal of Developmental Entrepreneurship**, Vol. 7, Iss. 2, 18 pgs.

Þjóðhagsstofnun (1994) “Atvinnuvegaskýrsla 1991 – Nr. 48” Þjóðhagsstofnun, Reykjavík.

Þjóðhagsstofnun (1996) “Atvinnuvegaskýrsla 1993 – Nr. 52” Þjóðhagsstofnun, Reykjavík.

Þjóðhagsstofnun (1997) “Atvinnuvegaskýrsla 1994 – Nr. 54” Þjóðhagsstofnun, Reykjavík.



Þjóðhagsstofnun (1998) “Atvinnuvegaskýrsla 1996 – Nr. 57” Þjóðhagsstofnun,  
Reykjavík.

Þjóðhagsstofnun (2000) “Atvinnuvegaskýrsla 1997 – Nr. 59” Þjóðhagsstofnun,  
Reykjavík.

## 8 Viðauki

Tafla 5: Metin kaup starfsmanna hörpudisksiðnaðarins af vörum og þjónustu heima í héraði. Gögn Hagstofu Íslands og höfundar.

Útgjaldaliðir heimilanna, Hagstofa Íslands.	Neysluvög Hagstofu Íslands	Heimavög metin af höfundi	Vegin neysla heima í m.kr.
011 Matur	14,4	0,7	23,5872
012 Drykkjarvörur	1,9	0,7	3,1122
021 Áfengi	2,4	0,7	3,9312
022 Tóbak	1,9	0,9	4,0014
031 Föt	4,6	0,3	3,2292
032 Skór	0,9	0,3	0,6318
041 Greidd húsaleiga	2,1	1	4,914
042 Reiknuð húsaleiga	10,1	0,7	16,5438
043 Viðhald og viðgerðir á húsnæði	2,6	0,7	4,2588
044 Annað vegna húsnæðis	1	1	2,34
045 Rafmagn og hiti	2,6	0,5	3,042
051 Húsgögn og heimilisbúnaður	3,1	0,2	1,4508
052 Vefnaðarvörur til heimils	0,7	0,3	0,4914
053 Raftæki	0,9	0,5	1,053
054 Borðbúnaður, glös, eldhús- og heimilisáhöld	0,7	0,5	0,819
055 Verkfæri o.fl. fyrir hús og garð	0,4	0,5	0,468
056 Ýmsar vörur og heimilisþjónusta	1	0,7	1,638
061 Lyf og lækningavörur	1,8	0,9	3,7908
062 Heilsugæsla	1,8	1	4,212
071 Kaup ökutækja	6,4	0,1	1,4976
072 Rekstur ökutækja	7,1	0,7	11,6298
073 Flutningar	2,3	0,7	3,7674
08 Póstur og sími	3	0,7	4,914
091 Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.	1,9	0,5	2,223
092 Tömstundir, stærri tæki o.fl.	0,5	0,5	0,585
093 Tömstundavörur, leikföng o.fl.	1,7	0,5	1,989
094 Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti	4,5	0,7	7,371
095 Blöð, bækur og ritföng	2,1	0,6	2,9484
096 Pakkaferðir	3,4	0,3	2,3868
10 Menntun	0,4	0,5	0,468
111 Veitingar	5,1	0,3	3,5802
112 Gisting	0,4	0	0
121 Snyrting, hreinlætis- og snyrtivörur	2,8	0,7	4,5864
122 Skartgripir, úr o.fl.	0,5	0,5	0,585
123 Félagsleg þjónusta	1,1	1	2,574
124 Tryggingar	0,3	0,2	0,1404
125 Fjármálaþjónusta ó.t.a.	1,1	0,7	1,8018
126 Önnur þjónusta ó.t.a.	0,3	1	0,702
	99,8		137,2644 96,7356